

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 11. desember 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um dreifingu starfa, þingmál nr. 453

Hagstofa Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um dreifingu starfa. Í þingsályktuninni er lagt til að skipaður verði starfshópur, sem geri tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum til söfnunar og vinnslu upplýsinga um landfræðilega dreifingu starfa og skilgreiningu hlutverks og ábyrgðar þeirra aðila sem málið varðar. Í tillögunni kemur fram að tilgangur hennar er að gera Hagstofu Íslands kleift að taka saman gögn um dreifingu starfa um landið.

Hagstofan styður efni þingsályktunartillögunnar. Hagstofan hefur fundið fyrir mikilli eftirspurn eftir upplýsingum um dreifingu starfa og með upplýsingum um staðsetningu starfa eða starfsstöðva verður hægt að greina hvar fólk býr og hvar það sækir vinnu. Skráning á starfsstöðvum fyrirtækja og dreifingu starfa mun einnig nýtast Hagstofunni við að uppfylla skuldbindingar Íslands í evrópskri hagskýrslugerð.

Ef halda á utan um slíkar upplýsingar í opinberum skrá, líkt og t.d. í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem nefnd er í þingsályktunartillögunni er mikilvægt að hafa samráð við Hagstofuna til að gögnin nýtist sem best til hagskýrslugerðar, eins og kveðið er á um í 6. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007, og skyldum greinum sömu laga í II. kafla um söfnun upplýsinga.

Hagstofan leggur áherslu á tímanlega aðkomu Hagstofunnar og að samráð verði haft við hana við uppbyggingu á opinberum gögnum og skrá sem snúa að dreifingu starfa eða starfsstöðva á Íslandi.

f.h. Hagstofu Íslands.

Hrafnhildur Arnkelsdóttir
hagstofustjóri